

og útsendingu gjaldseðla, innheimtu tekna bæjarins og umsjón með daglegu starfi á skrifstofum.

VIII. KAFLI.

Um endurskoðendur.

44. gr.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda til þess að annast faglega endurskoðun bókhalds bæjarins og uppsetningu reikninga bæjarins og bæjarfyrirtækja.

Hann skal gefa bæjarstjórn skriflega skýrslu um reikningshaldið árlega.

Bæjarstjórn kys tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að framkvæma heildarendurskoðun á reikningum og rekstri bæjarins og bæjarfyrirtækja, og skulu þeir skila skriflegri skýrslu um störf sín til bæjarstjórnar, þegar ársreikningar eru lagðir fram.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessara starfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d.-liðs 3. kafla laga nr. 58/1961.

Endurskoðun kjörinna endurskoðenda skal lokið eins snemma árs og kostur er og eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir störf sín, eftir ákvörðun bæjarráðs.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur samþykkt við tvær umræður, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn Sauðárkróks nr. 66/1963.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um friðland í Esjufjöllum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Esjufjöll og önnur jökulsker í Breiðamerkurjökli ásamt nánasta umhverfi.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Til friðlandsins teljast Esjufjöll, Mávabyggðir, Kárasker og Bræðrasker og svæði umhverfis sem markast af 64°18'N, 16°21'V, 64°07'N, og 16°39'V.

Þessar reglur gilda um friðlandið:

1. Allt jarðrask og aðrar breytingar á landi eru óheimilar.
2. Óheimilt er að skaða dýralíf, skerða gróður, breyta honum eða spilla vatni.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð nema á jökli.
4. Fólki er heimil för um friðlandið, en skylt að ganga þannig um að hvergi sé spillt lífi né landi.
5. Aðeins er heimilt að tjalda við Tjaldmýri í Skálabjörgum.
6. Notkun skotvopna er bönnuð.



Til undanþágu frá reglum þessum, svo sem vegna visindalegra rannsókna, þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 12. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.